

Reglur Bergrisans um notendasamninga

Bergrisinn bs.

Bergrisinn bs. er byggðasamlag sem stofnað var skv. 94. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og fer með málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi á starfssvæði eftirtalinna sveitarfélaga skv. samþykktum byggðasamlagsins: Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Ásahreppur, Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Skaftárhreppur og Mýrdalshreppur. Innan Bergrisans bs. eru fimm félags- og velferðarþjónustusvæði sem starfa við veitingu þjónustu í umboði byggðasamlagsins: Fjölskyldusvið Árborgar, Fjölskyldu- og fræðslusvið Ölfuss, Fræðslu- og velferðarþjónusta Hveragerðis, Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

Þjónusturáð: Ráðið starfar á grundvelli starfsreglna sem samþykktar er af stjórn Bergrisans bs. og gerir tillögur vegna stærri ákvarðana og stefnumörkunar til stjórnar Bergrisans bs. Þjónusturáð er skipað fimm yfirmönnum í málaflokki fatlaðra á fyrrgreindum félags- og velferðarþjónustusvæðum.

Fagteymi: Teymið starfar á grundvelli starfsreglna sem samþykktar eru af stjórn Bergrisans bs. og fjallar um öll erindi er varða sértæka þjónustu gagnvart einstaklingum og gerir tillögu að afgreiðslu þeirra til þjónusturáðs. Í fagteymi sitja fulltrúar fyrrgreindra félags- og velferðarþjónustusvæða og er skipað af þjónusturáði á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

I. kafli

Almenn ákvæði

1. gr.

Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 28. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Reglur þessar ná til íbúa sveitarfélaga sem eru aðilar að Bergrisanum bs.

2. gr.

Markmið um inntak notendasamninga

Markmið notendasamninga er að auka val einstaklinga á formi og fyrirkomulagi aðstoðar að undangengnu faglegu mati. Umsækjandi stýrir fyrirkomulagi stuðnings og hvenær tíma

dagsins hann fer fram í samræmi við undangengið mat á stuðningsþörf og innan þeirra marka sem mat á þjónustupörf setur. Umsækjandi skal gæta að lágmarksréttindum aðstoðarfólks í starfi þeirra. Ekki er um að ræða næturþjónustu.

II. kafli

Umsókn um þjónustu í formi notendasamnings og mat á þörf á stuðningi og tímafjölda

3. gr.

Mat á stuðningsþörf

Mat á stuðningsþörf umsækjanda fer fram á grundvelli reglna aðildarsveitarfélaga Bergrisans um stuðningsþjónustu, reglna þeirra um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og reglna Bergrisans bs. um stoðþjónustu. Heildarfjöldi klukkustunda stuðnings er ákvarðaður á grundvelli mats á stuðningsþörf. Fjárhæð sem greidd er vegna notendasamninga er skv. gjaldskrá Bergrisans.

4. gr.

Stuðningsþættir samkvæmt notendasamningi

Unnt er að gera notendasamning um eftirfarandi þjónustupætti:

- a) Stuðningsþjónustu, sbr. 25.-27. gr. og XI kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að lágmarki 40 klst. og að hámarki 60 klst. á mánuði.
- b) Stoðþjónustu, sbr. 1.-3. tl. og 5. tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, að hámarki 188 klst. á mánuði.

Inntak notendasamninga er að þjónustupörf notanda er metin í tilteknum fjölda klukkustunda. Samanlagður fjöldi klukkustunda metins stuðnings sem veittur er sem stuðningsþjónusta annars vegar og stoðþjónusta hins vegar getur numið að hámarki 248 klst. á mánuði.

Heimilt er að setja í notendasamning ákvæði um stuðningsfjölskyldu, en slík þjónusta er talin í sólahringum og gilda um þá þjónustu sérstakar reglur, sbr. reglur aðildarsveitarfélaga Bergrisans um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Ekki er heimilt að gera notendasamninga um eftirfarandi þjónustupætti:

- a) Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta, sbr. 24. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- b) Skammtímadvöl, sbr. 17. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- c) Akstursþjónusta, sbr. 29. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- d) Heimahjúkrun, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.
- e) Almenn sérhæfð dagdvöl fyrir aldraða, sbr. 3. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

- f) Barnaverndarúrræði, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002.
- g) Næturbjónusta, sbr. 10. gr. reglna Bergrisans bs. um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

5. gr.

Fjöldi greiddra stuðningstíma samkvæmt notendasamningi

Fjármagn sem unnt er að veita á grundvelli notendasamnings byggir á metinni stuðningsþörf samkvæmt reglum félagsþjónustu aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. um stuðningsþjónustu, reglum þeirra um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og reglum Bergrisans bs. um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

6. gr.

Afgreiðsla umsókna

Umsóknir um notendasamninga eru afgreiddar af starfsfólki félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags umsækjanda. Ákvörðun um að veita þjónustu í formi notendasamnings skal taka á grundvelli faglegs mats á stuðningsþörf ásamt því sem öll skilyrði III. kafla reglna þessara verða að vera uppfyllt.

III. kafli

Skilyrði fyrir því að eiga rétt á stuðningi í formi notendasamnings

7. gr.

Grundvöllur notendasamnings og forgangur til stuðnings

Notendasamningur er gerður á grundvelli faglegs mats á stuðningsþörf sbr. 7. gr. reglna Bergrisans um stoðþjónustu og reglna aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. um stuðningsþjónustu og reglna um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Þeir umsækjendur sem metnir eru í forgangi fyrir stuðning í formi notendasamnings eru þeir sem eru með sérstakar þarfir og sem félagsþjónustur aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. geta ekki veitt nauðsynlega þjónustu með viðunandi hætti, svo sem þegar þjónustan er mjög sérhæfð, veitt utan hefðbundins vinnutíma eða í stuttan tíma í senn. Þá þarf einnig að liggja fyrir faglegt mat um að þjónusta veitt samkvæmt notendasamningi sé hentugt form til að mæta þjónustupörfum viðkomandi, sbr. 1. gr. í reglum þessum. Ekki er heimilt að veita að auki sama stuðning til að mæta sömu þörfum notanda frá félagsþjónustu aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. og samið er um í notendasamningi. Gerð notendasamnings er ávallt háð samkomulagi þjónustuveitanda og þess sem óskar eftir þjónustunni.

8. gr.

Skilyrði fyrir gerð notendasamnings

Grundvallarskilyrði fyrir gerð og gildistöku notendasamnings er að veiting þjónustu sem notandi á rétt á samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, falli niður af hálfu félagsþjónustu aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs., enda fær umsækjandi í staðinn greidda ákveðna fjárhæð samkvæmt notendasamningi sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á metnum stuðningi, sbr. 2.-4. gr. í reglum þessum. Útfærsla stuðnings í formi notendasamnings er ávallt háð fjárhagsáætlun hverju sinni.

Til þess að umsækjandi eigi rétt á stuðningi í formi notendasamnings verður hann að uppfylla öll skilyrði 7. gr. í reglum þessum um grundvöll notendasamnings og forgang til stuðnings í formi notendasamnings, ásamt öllum eftirfarandi skilyrðum:

1. Umsækjandi skal eiga lögheimili hjá aðildarsveitarfélagi Bergrisans bs. á meðan þjónustan er veitt.
2. Umsækjandi skal haf náð 18 ára aldri. Foreldrar/forsjáraðilar fatlaðra barna geta jafnframt sótt um stuðning í formi notendasamnings fyrir hönd barna sinna.
3. Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu en ekki í sértæku húsnæðisúrræði sem Bergrisin bs. úthlutar þar sem veittur er samræmdur stuðningur. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á stuðningi í formi notendasamnings.
4. Umsækjandi sem á rétt á stuðningi samkvæmt reglum aðildarsveitarfélaga Bergrisans um stuðningsþjónustu skal þurfa daglega aðstoð sem nemur að hámarki 60 klst. á mánuði, sbr. faglegt mat á stuðningsþörf umsækjanda samkvæmt 3. gr. í reglum þessum. Umsækjandi sem á rétt á aukinni þjónustu samkvæmt reglum Bergrisans um stoðþjónustu skal þurfa daglegan stuðning að lágmarki 60 klst. á mánuði og að hámarki 248 klst. á mánuði, sbr. faglegt mat á stuðningsþörf umsækjanda skv. 3. gr. í reglum þessum. Ekki er um að ræða næturþjónustu.
5. Umsækjandi skal vera með viðvarandi og umfangsmikla stuðningsþörf sem metin er samkvæmt reglum aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. um stuðningsþjónustu og reglum um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og reglna Bergrisans um stoðþjónustu.

Einungis fatlaðir einstaklingar í skilningi laga, sbr. 1. og 2. tl. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 eiga rétt á stoðþjónustu í formi notendasamnings, þ.e. meira en 60 klst. á mánuði.

Félagsþjónusta aðildarsveitarfélaga Bergrisans bs. er heimilt að líta til þess hvort umsækjandi eða foreldrar/forsjáraðilar fatlaðs barns séu á vanskilaskrá eða sakaskrá við afgreiðslu umsóknar um stuðning í formi notendasamnings. Getur það leitt til þess að viðkomandi fái ekki notendasamning. Við mat skal fara eftir eðli brots.

9. gr.

Umsóknir og fylgigögn

Umsókn um stuðning í formi notendasamnings skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði sem unnt er að nálgast hjá aðildarsveitarfélagi Bergrisans þar sem einstaklingur á

lögheimili eða í gegnum þjónustugátt á vefsíðu bæjarfélagsins. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að sækja um stuðning í formi notendasamnings fyrir sína hönd.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- a) Upplýst sjálfsmat umsækjanda á eigin færni
- b) Örorkumat eða umönnunarmat
- c) Viðurkenndar og samræmdar matsaðferðir, s.s. SIS og RAI
- d) Staðfesting á fötlun, s.s. fullnægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins
- e) Yfirlit tollstjóra yfir greiðslustöðu opinberra gjalda
- f) Upplýsingar úr vanskilaskrá
- g) Sakaskrá

10. gr.

Greiðslur vegna notendasamnings

Greiðslur frá Bergrisanum bs. til umsækjanda hefjast við gildistöku notendasamnings. Greiðslur skal greiða fyrir fram fyrir einn mánuð í senn.

Notandi greiðir kostnað sem fellur til vegna notendasamnings auk þess sem hann skal taka á sig þær skyldur sem uppfylla þarf varðandi umsýslu notendasamnings. Óheimilt er að reikna umsýslukostnað inn í samningsfjárhæð notendasamnings.

11. gr.

Fjárhæðir og meðferð fjármagns

Greidd fjárhæð vegna hverrar klukkustundar í metnum stuðningi er skv. gjaldskrá Bergrisans bs.

Notandi ber ábyrgð á að ráðstafa hverri mánaðargreiðslu í þeim mánuði sem hún er greidd. Notanda er þó heimilt að færa til greiðslur vegna vinnustunda á milli mánaða innan almanaksársins til þess að mæta breytilegum stuðningsþörfum. Ef uppsafnaðar greiðslur vegna vinnustunda nema allt að einni mánaðargreiðslu samkvæmt notendasamningi skal Bergrisinn bs. óska eftir viðhlítandi skýringum á slíkri uppsöfnun. Ef fullnægjandi skýringar verða ekki veittar af hálfu notanda er Bergrisanum bs. heimilt að endurkrefja notanda um fjárhæðina. Notanda er skylt að skila afgangsfjármagni til Bergrisans bs. í lok hvers almanaksárs. Heimilt er að lækka greiðslur næstu mánaða sem nemur þeirri fjárhæð sem notandi verður endurkrafinn um.

Skil á fé og gögnum til Bergrisans bs. er forsenda fyrir því að til endurnýjunar samnings geti komið.

Bergrisanum bs. er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þann stuðning sem fjármagn er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf þó að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann þegar að hafa stofnað til í tengslum við stuðninginn.

12. gr.

Gildistími notendasamnings

Í fyrsta sinn sem notendasamningur er gerður skal gildistími hans vera þrír mánuðir. Aldrei skal gera beingreiðslusamning til lengri tíma en eins árs í senn.

IV. kafli

Framkvæmd notendasamninga

13. gr.

Form og gerð notendasamnings

Notast skal við staðlað samningsform.

Ef notandi er ólöggráða gerir lögráðamaður/foreldri/forsjáraðili hans samning við Bergisann bs. fyrir hans hönd. Skal sá aðili annast alla umsýslu fyrir hönd notanda.

14. gr.

Aðstoðarfólk

Notandi skal annast leit, ráðningu og umsýslu vegna aðstoðarfólks.

Að jafnaði er notanda eigi heimilt að velja sér aðstoðarmann sem er maki, sambýlismanneskja eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda. Í undantekningartilvikum er félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags heimilt að leyfa slíkt fyrirkomulag að sannarlegri ósk notanda en þá skal kveðið á um aukið eftirlit af hálfu félagsþjónustu í notendasamning. Þó er heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar um fötluð börn er að ræða. Í slíkum tilvikum skal þó tryggt að tekið sé tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska.

Notandi skal gera samning við aðstoðarfólk sitt þar sem m.a. er kveðið á um réttindi og skyldur aðstoðarfólks, kjör, umfang vinnu, vinnufyrirkomulag og uppsagnarfrest.

15. gr.

Skilyrði fyrir ráðningu aðstoðarfólks

Aðstoðarfólk skal skila inn sakarvottorði að beiðni notanda.

Notanda er óheimilt að ráða aðstoðarfólk til þess að sinna þjónustu við sig ef viðkomandi hefur hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi viðkomandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga eða laga um ávana- og fíkniefni skal starfsmaður félagsþjónustu í samráði við notanda meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

16. gr.

Eftirlit með notendasamningum og upplýsingaskylda

Stöðumat skal fara fram innan þriggja mánaða frá upphafi gildistíma notendasamnings þar sem kannað er hvernig notendasamningur nýtist notanda og hversu vel markmið samnings hafa náðst. Starfsmaður félagsþjónustu annast matið í samráði við notanda.

Notandi skal skila Bergrisanum bs. skýrslu eigi síðar en á sex mánaða fresti um fjölda vinnustunda samkvæmt samningi sem hann hefur notað. Þá skal notandi leggja fram öll nauðsynleg gögn þar að lútandi, s.s. samninga við aðstoðarfólk, afrit greiddra reikninga og önnur gögn sem máli kunna að skipta í samræmi við beiðni starfsmanns Bergrisans bs.

Eftir hvert almanaksár er notanda skylt að veita Bergrisanum bs. upplýsingar um samninga, tímaskrár og vinnuáætlanir sem tengjast notendasamningi notanda. Nota ber staðlað yfirlitsblað yfir nýtingu fjármagns og framkvæmd þjónustu, sem staðfest hefur verið af aðstoðarfólki notanda. Auk þess ber notanda að leggja fram reikninga og staðfestingu á greiðslu til aðstoðarfólks. Notandi skal einnig afhenda fyrrnefnt yfirlitsblað auk skattframtals. Þá er Bergrisanum bs. heimilt að kalla eftir fyrrgreindum upplýsingum oftár ef þörf er á.

Endurmat á stuðningsþörf notanda skal framkvæmt við endurnýjun samnings og eigi síðar en fjórum vikum áður en samningur rennur út. Notandi skal tilkynna félagsþjónustu lögheimils sveitarfélags tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem geta haft áhrif á framkvæmd notendasamnings, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili sem og um flutning lögheimilis.

Breytingar á aðstæðum notanda sem áhrif hafa á þarfir hans fyrir stuðning geta leitt til endurmats á stuðningsþörf samkvæmt samningi.

V. kafli

Vanefndir og uppsögn samnings

17. gr.

Uppsögn notendasamnings

Umsýsla vegna notendasamninga skal fara í öllu að gildandi lögum, reglugerðum, opinberum fyrirmælum sem við eiga sem og almennum reglum vinnuréttar eftir því sem við á.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er einn mánuður og skal tilkynna gagnaðila um uppsögn með skriflegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda frá félagsþjónustu lögheimilis sveitarfélags.

18. gr.

Vanefndir og riftun notendasamnings

Bergrisinn bs. getur krafist þess að notandi bæti úr vanefndum á samningi á eigin kostnað.

Meinta vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að gefa skýringar eða bæta úr innan hæfilegs frests.

Bergrisinn bs. skal setja hæfilegan tímafreist fyrir því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem Bergrisinn bs. tilgreinir, getur Bergrisinn bs. krafist þess að notandi greiði þann kostnað sem af hlýst til að koma að nauðsynlegum úrbótum.

Komi upp ágreiningur milli aðila skal leitast við að jafna þann ágreining.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift samningi fyrirvaralaust.

19. gr.

Viðbrögð vegna riftunar

Í þeim tilvikum sem samningi er rift stöðvast greiðslur frá Bergrisanum til notanda á grundvelli notendasamnings þegar í stað. Bergrisanum bs. er heimilt að krefja notanda um endurgreiðslu fjár, í heild eða að hluta, sem honum hefur verið úthlutað samkvæmt notendasamningi ef sýnt er fram á að eitthvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a) Féð hefur að hluta til eða í heild ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b) Ákvæðum notendasamnings hefur ekki verið fylgt.

Í þeim tilvikum sem notendasamningi er rift ber félagsþjónustu lögheimilis sveitarfélags notanda að tryggja að ekki verði rof á þjónustu við notanda og að lok samnings valdi notanda eins lítilli röskun og óþægindum og mögulegt er.

VI. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

20. gr.

Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

21. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni um viðtal berst. Sama á við ef félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Bergrisinn bs. skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

22. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á. Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

23. gr.

Endurskoðun

Rétt til stuðnings í formi notendasamnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang stuðnings.

Ef umsókn um notendasamning hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

24. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónulega hagi umsækjenda skulu varðveitt á öruggan hátt.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu lögheimilis sveitarfélags umsækjanda.

25. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarsviðs félagsþjónustu lögheimilis sveitarfélags bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

26. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

27. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn Bergrisans bs. taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði stjórnar Bergrisans bs.

28. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um stuðning í formi notendasamnings svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi lagaákvæða og/eða ákvæða í reglum þessum og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar og um leið rétt hans til Úrskurðarnefndar velferðarmála.

29. gr.

Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi skotið ákvörðun Bergrisans bs. til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun Bergrisans.

30. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar á fundi stjórnar Bergrisans bs. þann 3. nóvember 2025 og öðlast gildi frá og með 1. janúar 2026.

Bráðabirgðaákvæði I

Þeir samningar sem samþykktir voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu þar til þeir renna út eða endurmat fer fram og ný ákvörðun liggur fyrir.

Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóri Bergrisans bs.